

Hafnarreglugjörð

119
2. sept.

fyrir Nesskaupþún í Norðfirði.

Stjórnarráð Íslands hefir 2. september 1916 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Nesskaupþún í Norðfirði í Suður-Múlasýslu samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóv. 1905.

I. Hafnargjöld.

Öll skip (að undanteknum þeim er síðar getur um), sem leggjast á Norðfjarðarhöfn fyrir innan beina línu, dregna frá Uxavogstanga í Illugjá, hvort sem þau kasta akkeri eða leggjast við bryggju, skulu greiða hafnargjald, sem hjer segir:

- a. Veidiskip, síldveiðaskip, hvalveiðaskip og flutningsskip (þar með talin skip, er mestmegnis eða eingöngu flytja hverskonar sjávaraflla sem er milli landa) skulu gjalda 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í fyrsta sinni á ári hverju, er þau leggjast á höfnina, hvort sem þau koma beint frá útlöndum eða frá einhverri annari höfn á Íslandi. Komi slíkt skip oftár beint frá útlöndum á því sama ári, skal það í hvert skifti greiða sama gjald, en komi það oftár frá útlöndum á sama árinu, en komi þó fyrst á einhverja aðra höfn á Íslandi og þaðan til Norðfjarðar, skal það í hvert sinn, að undanteknu fyrsta skiftinu, aðeins greiða 3 aura af hverri smálest sem hafnargjald á Norðfirði.
- b. Strandferðaskip, er ganga aðeins milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Norðfjarðarhöfn, gjalda í hafnargjald 5 aura af hverri smálest, en ekkert þó þau leggist þar oftár á sama ári.

Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storms eða því um líks.

II. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin hafnargjaldi eru:

1. Öll herskip og skemtiskip hveírar þjóðar sem eru,

- 119** 2. Öll skip danskra þegna, sem að fiskveiðum eru undir Íslandi, ef þau afferma
2. sept. ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgerð snertir.
3. Skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi úr þeim verið fluttur, ef þau fytja burtu farminn og eigi annað.

III. Seglfesta.

Seglfestu má eigi kasta út á höfninni nema hafnarnefnd leyfi.

IV. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

Gjöld þau, sem ákveðin eru hjer á undan, skulu renna í hafnarsjóð Nessporps og skal honum varið til umbóta á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, sem og til lýsingar og leiðarmerkja við höfnina.

Hreppsnefnd Neshrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskodast og úrskurdast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál útaf þeim sem önnur lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Nesskaupþúns.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. nóvember 1916 og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 2. september 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson,